



HVERAGERÐISBÆR

## Ölfus Sveitarfélag

Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Hveragerði 15. janúar 2024

Umsögn Hveragerðisbæjar vegna skipulags- og matslysingar – iðnaðarsvæði vegna rannsókna og orkuvinnslu í Hverahlíð II og Meitlum er í formi eftirfarandi bókana funda skipulags- og umhverfisnefndar sem og bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar um málið.

4. fundur skipulags- og umhverfisnefndar Hveragerðisbæjar var haldinn þann 3.1.2024. Eftirfarandi mál var tekið fyrir:

Númer máls:

2312238

Heiti máls

**Umsagnarbeiðni vegna skipulags og matslysingar - iðnaðarsvæði vegna rannsókna og orkuvinnslu Hverahlíð II og Meitlum**

Lýsing á máli:

Lögð er fram til umsagnar skipulagslysing vegna aðalskipulagsbreytingar sveitarfélagsins Ölfus fyrir iðnaðarsvæði vegna rannsókna og orkuvinnslu í Hverahlíð II og Meitlum. Breytingin er unnin að beiðni OR á þeim forsendum að þörf er á verulegri aukningu á heitu vatni á suð-vesturhorni landsins og raforkuframleðslu á öllu landinu.

Fram kemur í skipulagslysingu að orkunýting svæðisins er háð ákveðinni óvissu og að ákvörðun um hvort af nýtingu verður og þá með hvaða hætti fari alfarlið eftir niðurstöðum úr rannsóknum á jarðhitauðlindinni.

Afgreiðsla máls:

*Hveragerðisbær hefur áður gert athugasemdir við þau hugsanlegu neikvæðu áhrif sem virkjanir og aukin nýting jarðvarma á Hellishelði og á Hengilssvæðinu gætu og hafa mögulega haft á nærliggjandi svæði m.t.t hugsanlegs brýstlingsfalls og niðurdráttar í borholum og hverum í og við Hveragerði. Hveragerði er blómlegur ferðamannastaður sem byggir sérstöðu sína m.a. á sýnilegri og nýtanlegri jarðhiltavirkni. Fall á brýstingi og niðurdráttur myndi því hafa margvísleg neikvæð áhrif í för með sér ef af verður.*

*Skipulags- og umhverfisnefnd Hveragerðisbæjar óskar eftir vöktun vegna hugsanlegs þrýstingsfalls í borholum og hverum í og við Hveragerði samhliða rannsóknum og hugsanlegri orkuvínnslu svæðanna sem um ræðir við Meitla og Hverahlíð II í góðu samráði við Hveragerðisbæ og aðra hagsmunaðila. Einnig þarf að huga vel að hugsanlegri jarðskjálfavirkni vegna vinnslu og sérstaklega ef á að nota borholur á þessum svæðum til niðurdælingar enda hafa Hvergerðingar slæma reynslu þegar kemur að sílku. Þar sem borholur verða hugsanlega boraðar nokkuð nálægt Hveragerðisbæ, sér í lagi á svæðinu Hverahlíð II, þarf að huga að hugsanlegum hávaða og mögulegri loftmengun sem frá þeim gæti borist.*

**Afgreiðsla máls í bæjarstjórn:**

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar tók málið einnig til afgreiðslu á 573. fundi sínum þann 11. janúar 2024. Þar var eftirfarandi bókað:

*Liður 6 "Umsagnarbeiðni vegna skipulags og matslysingar - lönaðarsvæði vegna rannsókna og orkuvínnslu Hverahlíð II og Meitlum" afgreiddur sérstaklega.*  
*Bæjarstjórn tekur undir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og áréttar að virkjanir og aukin nýting jarðvarma á þessu svæði hafa umfangsmest áhrif á gæði byggðar í Hveragerði. Nauðsynlegt er að tryggja að íbúar Hveragerðisbæjar fái að hafa áhrif á það hvernig og hvort slík starfsemi muni eiga sér stað í slíkri nálægð við bæinn. Jafnframt eru likur á að aukin nýting á þessu svæði geti valdið niðurdrætti og hafi þannig áhrif á möguleika á orkuöflun í og við Hveragerði. Bæjarstjórn felur skipulagsfulltrúa að senda umsögnina til Sveitarfélagsins Ölfuss.*

Virðingarfyllst,

*Hildur Gunnarsdóttir*

Hildur Gunnarsdóttir skipulagsfulltrúi



# NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. janúar 2024  
Málsnúmer: 202312-0016  
LA

## Efni: Umsögn um matsáætlun vegna vinnslu- og rannsóknarhola í Hverahlíð og Meitlum

Vísað er í tölvubréf úr Skipulagsgátt, dags. 13. desember 2023, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun vegna vinnslu- og rannsóknarhola í Hverahlíð og Meitlum, í sveitarfélaginu Ölfusi.

Markmið framkvæmda er tvíþætt. Annars vegar er verið að undirbúa stækkun á vinnslusvæði Hverahlíðar, Hverahlíð II, og bæta við nýjum kostum til að viðhalda vinnslugetu Hellisheiðarvirkjunar. Gert ráð fyrir að boraðar verði vinnsluholur norðarlega á svæðinu, næst núverandi vinnslusvæði. Hins vegar eru fyrirhugaðar rannsóknarborholur á svæðunum við Hverahlíð og í Meitlum með það að markmiði að kanna hvort vinnanlegur jarðhiti sé til staðar á þeim svæðum, en vísbendingar eru um jarðhitavirkni samkvæmt niðurstöðum fyrilliggjandi yfirborðsrannsókna. Ákvörðun um hvort af nýtingu verður og þá með hvaða hætti fer alfarið eftir niðurstöðum úr rannsóknum á jarðhitaauðlindinni.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar varðandi matsskyldu rannsóknarborana í Meitlum dags. 22. mars 2023, þar sem m.a. var bent á hátt verndargildi svæðisins vegna mikils breytileika í jarðminjum og landslagi. Ákvörðun Skipulagsstofnunar liggur fyrir um tvar rannsóknarboranir í Meitlum (norður hluta) sem eru innan iðnaðarsvæðis og er sú framkvæmd ekki matsskyld.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina sem er vel unnin og í henni koma fram flest þau atriði sem ber að hafa í matsáætlun. Þá er almennt stefnt að greinargóðri umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á helstu umhverfisþætti.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

### Nýtingarsvæði:

Gera þarf grein fyrir skilgreindu orkunýtingarsvæði fyrir Meitla og Hverahlíð II samkvæmt ákvörðun Rammaáætlunar og afgreiðslu á alþingi 2022.

### Rannsóknarborholur:

Fram kemur á bls. 13 að skilgreind hafa verið samtals 11 borplön við Hverahlíð II og 8 borplön við Meitla ásamt athugunarsvæðum umhverfis borplönum sem verða til skoðunar í umhverfismati. Á mynd 5.2. má sjá staðsetningu og fjölda borhola en hún er ekki í samræmi við texta. Einnig kemur fram að gert sé ráð fyrir að boraðar verði a.m.k. 5 holur í Hverahlíð II, og 3-4 rannsóknarholur í Meitlum (suður) og að nánar verði gerð grein fyrir forgangsröðun



borsvæða og hámarksfjölda borhola í umhverfismatsskýrslu. Út frá verndarsjónarmiði er mikilvægt að fjöldi og staðsetning rannsóknarborhola liggi ljóst fyrir í umhverfismatsskýrslu því rannsóknarborholunum mun fylgja mikið rask á yfirborði svæðisins s.s. vegna vegslóða, borplón, lagna og pytta, og sem geta haft veruleg áhrif á verndargildi svæðisins. Þá telur Náttúrufræðistofnun að gera þurfi betur grein fyrir þéttleika skilgreindra borplana á svæðinu vestan og suðvestan við Skálafell. Sjá má á eldri rannsóknarborholmum að notast hefur verið við skáborun og þannig verið mögulegt að kanna svæði neðanjarðar í rúmlega kílómetra fjarlægð frá borplani. Að minnsta kosti fimm skáboranir eru mögulegar frá sama borplani sem getur óneitanlega dregið úr raski á yfirborði innan þess svæðis sem borunin nær til. Full þörf er að gera grein fyrir þessu í umhverfismati og draga úr þéttleika rannsóknarborhola eins og þær eru settar fram í matsáætlun. Þá ætti að undanskilja syðstu borholurnar í Hverahlíð og Meitlum þar sem þær virðast vera á mörkum nýtingarsvæðisins, eru innan vatnsverndarsvæðis og staðsetning þeirra kemur til með að valda óbætanlegu tjóni á verndargildi jarðminja og landslags svæðisins.

#### Náttúruvá:

Í matsáætlun er ekki fjallað um eldvirkni sem náttúrvá, en í ljósi núverandi stöðu á Reykjanesskaga má ætla að sú áhætta hafi aukist. Framkvæmdasvæðið er á virku gliðnunarbelti og eldvirkni frá sögulegum tíma er þekkt í nálægð svæðisins þ.e. Eldborgir við Lambafell sem gaus árið 1000.

#### Vatnsverndarsvæði:

Umfangsmikið eftirlit er með grunnvatnsforða svæðisins og í umhverfismati verður gerð góð grein fyrir áhrifum framkvæmda á vatnsvernd, vatnafar, vatnstöku og grunnvatnsstrauma innan svæðisins sem er mjög jákvætt þar sem um er að ræða mikilvæga auðlind fyrir sveitarfélagið Ölfus. Gera þarf einnig grein fyrir hættum sem skapast geta við borun (s.s. vegna borpytta), ásamt aðgerðum til að koma í veg fyrir mengun grunnvatns og viðbragðsáætlunum ef slys verða.

#### Náttúruvernd:

Vel er gerð grein fyrir verndarstöðu svæðisins s.s. náttúruminjaskrá, hverfisvernd og vatnsvernd. Ljóst er að stór hluti svæðisins fellur undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga vegna gíga og hrauna frá nútíma og innan svæðisins finnast einnig hraunhellar sem gera þarf grein fyrir.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllst,

*Lovísa Ásbjörnsdóttir*

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 22. janúar 2024  
UST202312-124/R.K.  
10.05.00

**Efni: Ósk um umsögn - umhverfismat framkvæmda - Vinnslu - og rannsóknarborholur í Hverahlíð II og Meitlum suður**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

**Framkvæmdarlýsing**

Orkuveita Reykjavíkur (OR) áformar rannsóknar- og vinnsluholur í Hverahlíð II og í Meitlum. Um er að ræða tvö aðskilin verkefni sem eru ekki háð hvort öðru en verða til umfjöllunar í sama umhverfismati. Hverahlíð II verður uppbótarsvæði fyrir Hellisheiðarvirkjun og á að bora nýjar vinnsluholur nyrst á svæðinu til þess að dreifa heildarmassauptöku yfir stærra svæði. Bora á rannsóknarholur bæði í Hverahlíð II og í Meitlum (suður). Meitlar suður eru hluti af rannsóknarvegferð OR á nýjum svæðum til þess að hægt sé að stuðla að nægu framboði af heitu vatni og rafmagni. Svæðin sem umræðir eru í nýtingarflokki rammaáætlunar, Hverahlíð II, Meitlar og Þverárdalur en auk þess er áhuga lýst á að rannsaka Litla-Skarðsmýrarfjall og Þverárdal. Þverárdalur og Litla-Skarðsmýrarfjall eru ekki til umfjöllunar í þessari matsáætlun.

Í skýrslunni kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé í Sveitarfélagit Ölfusi, á suðurhluta Hengillssvæðisins, sunnan Suðurlandsvegar, á flatlendi við rætur Stóra-Meitils og Litla-Meitils, og á Norðurhálsum, sunnan Hverahlíðar. Markmið rannsóknanna er að kenna hvort vinnanlegur jarðhiti sé til staðar á þeim svæðum í Henglinum þar sem jarðvísin dagögn benda til að jarðhita gæti verið að finna. Fyrirhuguð framkvæmdasvæði eru innan lands Hjallatorfu ofan fjalls (L190527) sem er í eigu OR.

**Lög og leyfi**

Umhverfisstofnun vill benda að lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir vantar í upptalningu vegna starfsleyfi Hellisheiðarvirkjunnar. Jafnframt vill stofnunin benda á að ný hávaðareglugerð er í vinnslu og er framkvæmdaaðila bent að skoða hvort að ný reglugerð (þegar hún kemur) komi til með að hafa áhrif á matsþætti varðandi hljóðvist á áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

**Vernduð svæði**

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem talðar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um ofangreinda þætti í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á þeim þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun vill benda á mikilvægi þess að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og að skýrir valkostir séu settir fram varðandi útfærslur á fyrirhuguð framkvæmdum. Að gerð verði grein fyrir legu mannvirkja, þ.m.t lögnum í umhverfismatsskýrslunni

Stofnunin bendir á að skv. 61. gr náttúruverndarlaga nr. 60/2013 njóta hverir og aðra heitar uppsprettur sérstakrarverndar. Í kafla 10.2 gróður far og vistgerðir er fjallað um þau áhrif sem líklegust eru til að verða á framkvæmdatímanum. Að mati stofnunarinnar þarf líka að skoða hver áhrif aukinnar vinnslu á svæðinu, þótt hún verði jafndreifðari komi til með að hafa á slíka jarðhitavirkni á yfirborði á áhrifasvæðis framkvæmdarinnar.

### **Stjórн vatnamála og grunnvatn**

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að tillit sé tekið til áhrifa starfseminnar á magnstöðu og efnaræðilegt ástand grunnvatns í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórн vatnamála og markmið grunnvatns í Vatnaáætlun 2022-2027. Hins vegar er vakin athygli á að reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns vantar á listanum yfir viðmið sem notuð eru við framkvæmd umhverfismats og áhrif á grunnvatn, en í henni eru reglur um beina og óbeina losun í grunnvatn settar.

Ef áhrif á umhverfismarkmið og gæðaþætti sem notaðir eru til að meta ástand grunnvatns eru skoðuð vandlega í umhverfismatinu skv. kafla 2. viðauka III, reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun telur Umhverfisstofnun að umfang matsins varðandi áhrif á grunnvatn sé fullnægjandi.

### **Borsvarf - Skolvatn**

Í greinargerð segir að svarfinu verði svo mokað upp og komið fyrir á viðurkenndum förgunarstað.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um förgun borsvarfs og áhrif þess að skolvatrni sígi niður í jarðlögin.

### **Hljóðvist**

Í greinargerð er fjallað um áhrif framkvæmdirnar á hljóðvist og útivist almennt. Einnig þarf að skoða hvort blástur frá fyrirhuguðum børholum og umferð vinnuvéla sé líkleg til að valda ónæði fyrir ferðafólk á svæðinu.

Virðingarfallst,

Ríkey Kjartansdóttir  
**Sérfræðingur**

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**



Land og skógur

**Umsögn**

Tilvísun 2020-690-22.12  
22. janúar 2024

Orkuveita Reykjavíkur  
Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík  
*sent inn í skipulagsgátt*

Efni: Vinnslu- og rannsóknarborholur í Hverahlíð II og Meitlum suður, nr. 1005/2023; Kynning matsáætlunar (mat á umhverfisáhrifum).

Óskað var eftir umsögn Landgræðslunnar um ofangreint mál. *Land og skógur* tók um áramótin við hlutverki Landgræðslunnar. Umsögn þessi byggir á lögum landgræðslu nr. 155/2018, lögum um skóga og skógrækt nr. 22/2015, og Landi og lifi, stefnu og framtíðarsýn stjórnavalda í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031.

Land og skógur gerir ekki athugasemdir við hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst og fh. Lands og skógar,



Davíð A. Stefánsson

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. janúar 2024  
Tilvísun: OS2023120039  
Skjalanr: 408493

**Efni: Umsögn Orkustofnunar um matsáætlun um vinnslu- og rannsóknarborholur í Hverahlíð II og Meitlum**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 13. desember sl. þar sem óskað var eftir umsögn Orkustofnunar um matsáætlun um vinnslu- og rannsóknarborholur í Hverahlíð II og Meitlum sem birt var í Skipulagsgátt, á grundvelli 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Þar kemur fram að í umsögn umsagnaraðila skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Orkustofnun hefur kynnt sér erindi Skipulagsstofnunar. Samkvæmt 4. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 58/1998 getur Orkustofnun heimilað öðrum rannsóknir og leit og skal þá gefa út rannsóknarleyfi til viðkomandi. Fari rannsóknir hins vegar fram á vegum landeiganda þarf ekki leyfi Orkustofnunar. Í greinargerð Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að fyrirhuguð framkvæmdasvæði séu innan eignarlands OR, og þarf fyrirtækið því ekki að sækja um rannsóknarleyfi til Orkustofnunar.

Skv. 6. gr. sömu laga er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögnum. Í gildi er nýtingarleyfi Orku náttúrunnar á jarðhita á Hellisheiði, leyfisnúmer OS-2015-L026-01, en það svæði sem hér um ræðir er að hluta til utan þess nýtingarsvæðis, og þyrfi því að sækja um nýtt nýtingarleyfi sé ætlunin að nýta þær auðlindir sem kunna að finnast þar. Einnig þarf að sækja um nýtt nýtingarleyfi ef auka á nýtingu á svæðinu, og er umsókn þess efnis til afgreiðslu hjá Orkustofnun.

Orkustofnun bendir einnig á reglur nr. OS-2019-R001-01 um skráningu, hönnun og frágang borhola og skil á upplýsingum um borholur til Orkustofnunar, en þar eru teknar saman þær kröfur sem gerðar eru í lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, hvað varðar borholur og fylgja með þeim eyðublöð vegna gagnaskila til Orkustofnunar.

**OS**

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfullst,  
f.h. Orkustofnunar

María Guðmundsdóttir  
Verkefnastjóri  
Sjálfbær auðlindanýting  
*Rafræn undirskrifst*



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík**

Selfossi, 22. janúar 2024  
2312072HS SHJ

**Efni: Vinnslu- og rannsóknarborholur í Hverahlíð II og Meitlum suður - Umsögn um matsáætlun**

Þann 13. desember 2023 móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst og bréf Skipulagsstofnunar þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra vinnslu- og rannsóknarborholna í Hverahlíð II og Meitlum suður á Hellisheiði í Sveitarfélagini Ölfus.

Um er að ræða tvö aðskilin verkefni sem, þrátt fyrir að vera óháð hvort öðru, verða saman í umhverfismati vegna þess að svæðin eru samliggjandi og umfjöllun um m.a. landslagsheildir, jarðmyndanir og lífriki í sama mati gefur fyllri mynd af þeim umhverfisáhrifum sem af framkvæmdunum hljótast. Framkvæmdasvæðið er í um 20 km fjarlægð frá austustu úthverfum höfðuborgarsvæðisins, um 10 km fjarlægð frá Þorlákshöfn og um 5 km fjarlægð frá Hveragerði. Annars vegar er um að ræða framkvæmdir í Hverahlíð II, sem kemur til með að verða uppbótarsvæði fyrir Hellisheiðarvirkjun, en þar er áfomað að bora nýjar vinnsluholur nyrst á því svæði sem fallað er um í umhverfismati, þ.e. næst númerandi vinnslusvæði. Hins vegar er um að ræða a.m.k. 5 grannar rannsóknarholur sunnarlega Hverahlíð II og a.m.k. 3-4 í Meitlum suður. Báðar þessar framkvæmdir eru hluti af rannsóknarvegferð OR á nýum svæðum í Henglinum sem stuðla að nauðsynlegri þekkingu á svæðinu til að hægt sé að tryggja nægt framboð á heitu vatni í samræmi við áætlanir um aukna eftirspurn eftir heitu vatni og rafmagni.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu að matáætlun fyrir téða framkvæmd og gerir eftirfarandi athugasemdir og ábendingar:

1. Stór hluti framkvæmdasvæðisins er innan fjar- og grannsvæðis vatnsverndar. Skv. ákvæðum 13. gr. rgl. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. skal á grannsvæðum banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna, þ.m.t. olíu, bensín og skyld efni. Jafnframt skulu vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi vera undir ströngu eftirliti. Á fjarsvæðum vatnsverndar skal gæta fyllstu varúðar við meðferð efna sem bannað er að nota á grannsvæðum og stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar.

Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig staðið verður að framkvæmdum innan vatnverndarsvæða m.t.t. þessara ákvæða.

2. Í kafla 10.6 Hljóðvist kemur fram að á framkvæmdatíma megi búast við breytingu á einkennum hljóðvistar vegna hávaða við boranir og ef holur eru látnar blása í afkastaprofunum. Ein matssþurningin snýr að því hvernig



framkvæmdirnar komi til með að breyta hljóðvist í nágrenni framkvæmdasvæðis og hversu varaleg áhrifin séu. Á mynd 5.1 er sýnd áætluð afmörkun athugunarsvæðis en það nær hvorki til Hveragerðis né verslunar- og þjónustusvæðis í Hveradöllum þar sem er að finna hverasvæði sem er nokkuð sótt af ferðamönnum auk þess sem þar er áformuð uppbygging ferðaþjónustu.

Heilbrigðiseftirliti Suðurlands er kunnungt um að hávaði frá vinnsluholum í Hverahlíð í blæstri berist við viss skilyrði til Hveragerðis og valdi þar ónæði. Umræddar vinnsluholar eru í um 7 km fjarlægð frá íbúðarbyggð í Hveragerði en nýjar vinnsluholar verða í um 5 km fjarlægð. HSL telur að útvíkka ætti athugunarsvæði umhverfismatsins vegna hljóðvistar þannig að það nái til Hveragerðis og hverasvæðisins við Skíðaskálann í Hveradöllum.

Jafnframt bendir HSL á að ný reglugerð um hávaða er í vinnslu hjá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu sem mögulega getur haft áhrif á ofangreindan matsþátt ef hún kemur út á meðan á vinnslu umhverfismatsins stendur.

3. Í kafla 8.4 Leyfi sem framkvæmdin er háð vantar að vísa í lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna starfsleyfa sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gefur út. Jafnframt bendir HSL á að ekki er aðeins þörf á að endurskoða starfsleyfi Hellisheiðarvirkjunar vegna nýrra rannsóknar- og vinnsluhola, heldur gefur embættið einnig út starfsleyfi fyrir tímabundna starfsemi í tengslum við framkvæmdina, s.s. jarðborun, efnistöku, starfsmannabúðir o.fl.
4. HSL telur að í upptalningu viðmiða í kafla 10.4 Grunnvatn vanti rgl. nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns sem og Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaganna á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. nr. 326/2022.

Embættið telur að tillagan geri að öðru leyti nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfispáttum og valkostum sem matið skal taka til. Þá gerir embættið hvorki athugasemdir við hvernig til stendur að vinna úr gögnum til að meta umhverfisáhrif, né heldur fyrirhugaða framsetningu þeirra í umhverfismatsskýrslu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir virkjunum og orkuveitum frá 1 MWstarfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. jarðborun, efnisnámi og verktakaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Stella Hrønn*  
Stella Hrønn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



Minjastofnun  
Íslands

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Reykjavík 31. janúar 2024  
MÍ202401-0169 / 6.07 / K.M.

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)  
Kennitala: 440113-0280

## Efni: Vinnslu- og rannsóknarholur í Hverahlíð II og Meitlum (suður) í Sveitarfélagini Ölfusi.

Minjastofnun Íslands hefur borist ósk um umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

Orkuveita Reykjavíkur áformar að bora rannsóknar- og vinnsluholur í Hverahlíð II og í Meitlum á Hellisheiði. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í Sveitarfélagini Ölfusi, á suðurhluta Hengilssvæðisins, sunnan Suðurlandsvegar, á flatlendi við rætur Stóra-Meitils og Litla-Meitils, og á Norðurhálsnum, sunnan Hverahlíðar.

Í matsáætlun kemur fram að framkvæmdin feli í sér borun rannsóknarhola í Meitlum (suður) og á vissum svæðum innan Hverahlíðar II og borun vinnsluhola í útjaðri núverandi vinnslusvæðis í Hverahlíð. Afmarkað hafi verið athugunarsvæði sem sé til skoðunar í umhverfismati og er svæðið um 683 ha að stærð. Skilgreind hafi verið samtals 11 borplón við Hverahlíð II og 8 borplón við Meitla og athugunarsvæði utan um þessi borplón. Endanleg staðsetning eða fjöldi rannsóknar- og vinnsluhola liggi ekki fyrir á þessu stigi en miðað sé við að allt rask vegna borplana, vegslóða og safnæða verði innan athugunarsvæðis.

Í matsáætlun segir að á Hengilssvæðinu sé nokkuð um minjar tengdar samgöngum því margar þjóðleiðir liggi um svæðið.

Fjallað er um fornleifar í kafla 10.5 í matsáætlun. Eins og þar kemur liggja fyrir fornleifaskráningar á svæðinu sem unnar voru áður en gildandi lög nr. 80/2012 um menningarmínjar tóku gildi. Þá segir að fyrir umhverfismatið verður unnin ný fornleifaskráning. Fram kemur að Fornleifastofnun Íslands hafi verið fengin til að skrá og mæla upp fornleifar á þeim svæðum þar sem jarðrask sé fyrirhugað, eigi það við um framkvæmdasvæði vegna borplans, vegslóða og safnæða. Gerð verði grein fyrir áhrifum framkvæmda á fornleifar innan athugunarsvæðis.

Í umfjöllun um fornleifa í matsáætlun er gerð grein fyrir efnistökum mats á áhrifum valkosta framkvæmdar á menningarmínjar. Minjastofnun vekur athygli á að mikilvægt er að sýna staðsetningu og útlínur fornleifa á


Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvæðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sönnu laga endanlegar á stjórnsvæstigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsvældalaga nr. 37/1993 getur aðili málss óskar eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi tilkort rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beidni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal berá fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

loftmynd/korti ásamt umfangi fyrirhugaðrar framkvæmdar. Með því móti er auðvelt að sjá áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar.

Þær eru orðnar nokkuð margar skráningarskýrslurnar sem gefnar hafa verið út vegna ýmissa framkvæmda tengdum Hellisheiðarvirkjun. Sumar af þeim skýrslum sem teknað hafa verið saman eru gamlar og uppfylla ekki núverandi staðla um fornleifaskráningu. Á komandi árum á væntanlega eftir að bora rannsóknar- og vinnsluholar víðar á Hengilssvæðinu og ráðast í aðrar framkvæmdir tengdar nýtingu svæðisins til öflunar heits vatns og rafmagnsframleiðslu. Viðbúið er að endurskoða þurfi fyrilliggjandi fornleifaskráningar vegna þessara framkvæmda. Minjastofnun hefur í umsögnum á undanförnum árum hvatt til þess að fornleifaskráning á áhrifasvæði virkjunarinnar í heild sinni verði endurskoðuð og að út verði gefin eina skýrslu sem nær yfir allt svæðið. Þá þyrfi ekki alltaf að vera að endurvinna þetta í smá skömmum og heildarmynd fengist af fornleifum á svæðinu öllu. Slík heildarendurskoðun hefur verið gerð bæði á svæði Reykjanessvirkjunar og á Þeistareykjum þar sem ástandið var sambærilegt.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun ofangreindrar framkvæmda. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarmínjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlystar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef forminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jakob Gunnarsson ([jakob.gunnarsson@skipulag.is](mailto:jakob.gunnarsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))